

Varðandi fyrirspurn um umsögn vegna starfsleyfis fyrir Vöku á Leirvogstungumelum.

Málsnúmer: 2019 09 273

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis biður skipulagsfulltrúa í tölvupósti þann 2. des. 2019 um umsögn vegna starfsleyfisumsóknar Vöku á hluta af lóð sinni (Inr. 123708) á Leirvogstungumelum. Umrætt svæði hefur ekki verið deiliskipulagt en í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði.

Umsókn Vöku vegna leyfis til nýtingar lóðar ofan Tungumela var til umfjöllunar í bæjarráði Mosfellsbæjar þann 31.10.2019; Þar var samþykkt að fela lögmanni Mosfellsbæjar og framkvæmdastjóra umhverfissviðs að kanna grundvöll fyrir samkomulagi og skila bæjarráði umsögn þar um.

Skipulagsfulltrúi getur ekki, að svo komnu máli, komið með umsögn vegna starfsleyfisumsóknar Vöku. Þetta vegna þess að mál Vöku um nýtingu lands fyrir geymslusvæði á Leirvogstungumelum, er í vinnslu hjá bæjarlögmanni og framkvæmdastjóra umhverfissviðs og er ekki komin niðurstaða úr þeirri vinnu.



Fyrirhugað geymslusvæði skv. umsókn

Mosfellsbær 3. desember 2019

F.h. Skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar

Lára Gunnarsdóttir

Verkefnastjóri á umhverfissviði